

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2025**2025/EES/46/10****frá 8. maí 2025****um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3215 frá 28. júní 2024 um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2139 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða við hvaða skilyrði atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mótvægi við loftslagsbreytingar eða aðlögun að loftslagsbreytingum og til að ákvarða hvort þessi atvinnustarfsemi veldur umtalsverðu tjóni á einhverjum öðrum almennum umhverfis-markmiðum ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31pa (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2139) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 3215:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/3215 frá 28. júní 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/3215, 19.12.2024).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/3215, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. maí 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/3215, 19.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2024/3215/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.